

Nr. 35.  
30.  
júli.

## Lög

um

stofnun háskóla.

**Vjer Frederik hinn Áttundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,

Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

### I. Stjórn háskólans.

1. gr.

Í Reykjavík skal setja á stofn háskóla.  
Skólinn nefnist Háskóli Íslands.

2. gr.

Í háskólanum skulu fyrst um sinn vera þessar fjórar deildir:  
guðfræðisdeild,  
lagadeild,  
læknadeild og  
heimspekisdeild.

Koma hinar þrjár fyrstu í stað hinna æðri mentaskóla, sem nú eru, prestaskóla, laga-skóla og læknaskóla. En í fjórðu deildinni skal kenna heimspeki, íslenzka málfræði, sögu Íslands og sögu íslenzkra bókmenta að fornu og nýju.

3. gr.

Stjórn háskólans er falin rektor háskólans og háskólaráði.

Háskólaráðið hefir úrskurðarvald í öllum þeim málum, er snerta starfsemi háskólans, samkvæmt reglugjörð, sem konungur setur. Háskólaráðið fer með undirbúning þeirra mála, er leggja á fyrir konung, löggjafarvald eða stjórnarráð, og snerta háskólann. Það lætur stjórnarráðinu í tje allar þær upplýsingar, sem það þarf á að halda og snerta háskólann sjerstaklega.

4. gr.

Rektor er kosinn á almennum háskólakennarafundi fyrir eitt ár í senn.

Prófessorar einir eru kjörgengir, en kosningarrett eiga allir kennarar háskólans. Sá prófessor er rjett kjörinn rektor, sem fengið hefir meiri hluta greiddra atkvæða, enda hafi tveir þriðju hlutar kosningarbærra kennara átt þátt í atkvæðagreiðslunni. Rektorskosning fer fram í lok hvers háskólaárs.

Hafi enginn fengið yfir helming atkvæða, skal kjósa af nýju um þá tvo eða fleiri, er flest atkvæði fengu, og er sá þá rjett kosinn, sem flest atkvæði fær. Sjeu atkvæði jöfn, ræður hlutkesti.

Nr. 35. Lög 30. júli um stofnun háskóla.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18. September 1891.

# Lov

om

## Oprettelsen af et Universitet.

Nr. 35.  
30.  
Juli.

**Vi Frederik den Ottende**, af Guds Naade Konge til Danmark,  
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,  
Lauenborg og Oldenburg,

*Gøre vitterligt*: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

### I. Universitetets Bestyrelse.

#### § 1.

I Reykjavik skal der oprettes et Universitet, som benævnes »Islands Universitet«.

#### § 2.

Universitetet omfatter foreløbig følgende fire Fakulteter:

- det theologiske Fakultet,
- det juridiske Fakultet,
- det medicinske Fakultet og
- det filosofiske Fakultet.

De tre førstnævnte træde i Stedet for de nuværende højere Undervisningsanstalter: Islands Pastoralseminarium, Lovskolen og Lægskolen. Ved det fjerde Fakultet doceres Filosofi, islandsk Filologi, Islands Historie og islandsk Litteraturhistorie i ældre og nyere Tid.

#### § 3.

Rektor og det akademiske Kollegium leder Universitetets Virksomhed.

Det akademiske Kollegium træffer Afgørelse i de Sager, som vedrøre Universitetets Virksomhed, i Henhold til et af Kongen stadfæstet Reglement, og forbereder de Sager, som skulle forelægges Kongen, Lovgivningsmyndigheden eller Ministeriet, og som angaa Universitetet. Det skal til enhver Tid gaa Ministeriet tilhaande med de fornødne Oplysninger angaaende alle Universitetet særlig vedrørende Forhold.

#### § 4.

Rektor vælges for et Aar ad Gangen af et almindeligt Universitetslæremøde.

Valgbare ere Professorerne alene, hvorimod Valgret tilkommer samtlige Lærere ved Universitetet.

Til Valg af Rektor udkræves Flertallet af de afgivne Stemmer, og at to Tredjedele af de valgberettigede Lærere have deltaget i Stemmegivningen.

Valg af Rektor finder Sted i Slutningen af hvert Universitetsaar.

Saafernt ingen har opnaaet over Halvdelen af Stemmerne, skal der foretages Omvalg mellem de to eller flere, som har opnaaet højeste Stemmetal, hvorefter den erklæres valgt, som da opnaar de fleste Stemmer. Ere Stemmerne lige, afgøres Valget ved Lodtrækning.

Nr. 35. Lov af 30. Juli om Oprettelsen af et Universitet.

Nr. 35. 30. júlí. Rektor má endurkjósa, en ekki er hann skyldur að taka við endurkjöri fyr en ár er liðið frá því, er hann hjet af rektorsstörfum.

Birta skal stjórnarráðinu úrslit rektorskosningar.

Verði rektor að fara frá áður en rektorsár hans er úti, skal sá af deildarforsetum háskólans, sem elztur er að embættisaldri, hafa störf hans með höndum þangað til nýr rektor getur tekið við.

Rektor tekur við störfum með byrjun háskólaárs.

#### 5. gr.

Rektor og forsetar deildanna fjöggra eiga sæti í háskólaráði. Rektor er sjálfkjörinn forseti ráðsins. En varaforseta kýs háskólaráðið sjer sjálft úr sínum hóp.

Háskólaráð heldur fundi eftir þörfum. Æski tveir menn úr háskólaráði fundar, er rektor skyldur að boða til þess fundar. Svo er og ef einn þriðji hluti kennara æskja fundar. Sje fundur haldinn eftir ósk kennara, er ekki eiga sæti í ráðinu, eiga hvatamenn fundar rjett á að senda jafnmarga fulltrúa á fundinn og margir eru menn í háskólaráðinu, og hafa þeir fulltrúar þá málfrelsi, en atkvæðisrjett eiga þeir ekki.

#### 6. gr.

Háskólaráð setur nánari reglur um starfsvið sitt og rektors og eru þær reglur gildar, er staðfesting stjórnarráðs kemur til.

## II. Háskólakennarar og háskóladeildir.

#### 7. gr.

Kennarar háskólans eru prófessorar, dósentar og aukakennarar, en aukakennarar eru þeir kennarar nefndir, sem jafnframt gegna embættum eða öðrum aðalstörfum.

Konungur skipar prófessorana, en ráðherra dósentar og aukakennara að svo miklu leyti sem aukakennarar eru sjerstaklega skipaðir til kenslunnar.

Áður en kennari er settur eða skipaður við háskólann, skal ávalt leita umsagnar hlutaðeigandi háskóladeildar um kennaraefnið.

#### 8. gr.

Hver háskóladeild velur úr sínum hóp deildarforseta (dekanus) og er hann jafnframt sjálfkjörinn í háskólaráðið.

Deildarforseta skal kjósa til eins árs í senn. Þó má endurkjósa deildarforseta, en rjett hefir hann til að neita endurkjöri þangað til ár er liðið frá því, er hann síðast gegndi deildarforsetastörfum.

Allir deildarkennarar eiga atkvæði um kjör deildarforseta, en prófessorar einir eru kjörgengir.

#### 9. gr.

Hver háskóladeild heldur fundi eftir þörfum. Deildarforseti boðar fundi og eiga þar sæti allir kennarar deildarinnar.

Heimilt er rektor að taka þátt í meðferð mála í öllum deildum eftir því sem honum lízt sjálfum, en atkvæðisrjett hefir hann þó að eins í sinni deild.

Nr. 35. Lög 30. júlí um stofnun háskóla.

Rektor kan genvælges men er ikke pligtig at modtage Genvalg før efter et Aars Forløb fra hans Afgang som Rektor.

Nr. 35.  
30.  
Juli.

Udfaldet af Rektorvalget skal indberettes til Ministeriet.

Saaframt Rektor fratræder sin Stilling inden Udløbet af sin Tjenestetid, skal den af Universitetets Dekaner, som er ældst i Anciennitet, varetage hans Forretninger indtil en ny Rektor kan overtage dem.

Rektor overtager sine Funktioner ved Undervisningsaarets Begyndelse.

#### § 5.

Det akademiske Kollegium bestaar af Rektor som Formand og af Dekanerne for de fire Fakulteter; det vælger selv sin Næstformand blandt sine Medlemmer.

Det akademiske Kollegium holder Møder, naar saadant gøres fornødent. Saaframt to Medlemmer begære Afholdelse af et Møde, er Rektor pligtig at sammenkalde et saadant og ligeledes, naar en Tredjedel af Lærerne begære Møde afholdt; i sidstnævnte Tilfælde have de, fra hvem Begæringen om Mødet er fremkommen, Ret til at have ligesaa mange Repræsentanter paa Mødet som Antallet af Kollegiets Medlemmer, hvilke Repræsentanter tage Del i Forhandlingerne men have ikke Stemmeret.

#### § 6.

Kollegiet fastsætter nærmere Regler for sit og Rektors Forretningsomraade, hvilke Regler erholde Gyldighed, naar de stadfæstes af Ministeriet.

## II. Universitetslærere og Fakulteter.

#### § 7.

Universitetets Lærere ere Professorer, Docenter og Ekstralærere. Ekstralærere ere de Lærere, der tillige beklæde andre Embeder eller have en anden Hovedbeskæftigelse.

Kongen udnævner Professorerne, hvorimod Ministeren beskikker Docenter og Ekstralærere, for saa vidt en særlig Beskikkelse til Lærervirksomheden for de sidstnævnte Vedkommende bliver udfærdiget.

Forinden en Lærer ansættes ved Universitetet, indhentes stedse vedkommende Fakultets Erklæring om vedkommende.

#### § 8.

Hvert Fakultet vælger blandt sine Medlemmer en Dekan, som tillige er selvvalgt Medlem af det akademiske Kollegium.

En Dekan vælges for et Aar ad Gangen. En Dekan kan genvælges, men han kan undslaa sig for Genvalg i Løbet af et Aar efter hans sidste Dekanat.

En Dekan kan kun vælges blandt Professorerne ved det paagældende Fakultet. Valgret tilkommer derimod alle Fakultetets Lærere.

#### § 9.

Hvert Fakultet holder Møder, naar saadant gøres fornødent. Dekanen indvarsler Møderne, hvori alle Fakultetets Lærere deltage som stemmeberettigede.

Rektor er berettiget til at deltage i Sagernes Behandling i alle Fakulteter, men han har kun Stemmeret i sit eget Fakultet.

Nr. 35. Lov af 30. Juli om Oprettelsen af et Universitet.

Nr. 35.

30.  
júli.

## 10. gr.

Hver deild semur lestrar- og kensluáætlun fyrir sig og skal þar gjörð nákvæm grein fyrir því, hvað heimtað er til embættisprófs og skýrt frá því, hvernig kennarar hagi kenslu sinni.

## 11. gr.

Deildarforsetar skula sjá um, að til sjeu í tæka tíð nákvæmar skýrslur um alla fyrirlestra og æfingar, sem halda á innan hverrar deildar á kenslumissiri því, sem í hönd fer. En rektor athugar áður en skýrslurnar eru prentaðar, hvort þær sjeu í samræmi við kensluáætlanir deildanna.

## 12. gr.

Stjórnarráðið skipar ritara við háskólann. Ritarinn hefir á hendi reikningsfærslu sjóða þeirra, er háskólinn eignast og hefir umsjón með byggingum háskólans og innanhúsmunum. Hann annast nauðsynlegar útveganir og endurbætur, tekur á móti skrásetningargjöldum stúdenta og prófgjöldum.

## III. Kenslan og nemendurnir.

## 13. gr.

Kensluár háskólans skiftist í tvö kenslumissiri; nær annað frá 1. október til 15. febrúar, en hitt frá 15. febrúar til 30. júní.

## 14. gr.

Fyrirlestrar fara fram í heyranda hljóði. Yfirheyrsla og æfingar eru þó fyrir stúdenta eina.

Alla fyrirlestra, æfingar og próf skal halda á háskólanum sjálfum að svo miklu leyti sem því verður við komið.

## 15. gr.

Heimilt skal hverjum kennara háskólans að halda fyrirlestra á háskólanum um sjálfvalin efni, að svo miklu leyti sem það kemur ekki í bága við skyldukenslu, en tilkynna skal hann rektor háskólans það áður.

## 16. gr.

Öll lögskipuð háskólapróf, hvort heldur eru undirbúningspróf eða fullnaðarpróf, skulu haldin í síðasta mánuði kenslumissiris.

Hver deild ræður sjálf hvort hún heldur uppi kenslu meðan á prófi stendur eða ekki.

## 17. gr.

Hver sá, kona sem karl, er lokið hefir stúdentsprófi við hinn almenna mentaskóla eða annan lærðan skóla honum jafngildan, á rjett á að verða skrásettur háskólaborgari gegn því að greiða skrásetningargjald til háskólasjóðs, enda sje mannorð hans óflekkað.

Sama rjett getur háskólaráð veitt útlendingum, er fullnægja ofangreindum skilyrðum.

Nr. 35. Lög 30. júlí um stofnun háskóla.

## § 10.

Hvert Fakultet affatter sin Læse- og Undervisningsplan, hvori der gives en udførlig Forklaring om Fordringerne til Embedseksamen og den af Lærerne truffene Ordning af Undervisningen.

Nr. 35.  
30  
Juli.

## § 11.

Dekanerne paase, at der i betimelig Tid foreligge udførlige Fortegnelser over samtlige Forelæsninger og Øvelser, som skulle holdes ved hvert Fakultet i det kommende Semester. Forinden disse Programmer udgives i Trykken, undersøger Rektor, hvorvidt de stemme overens med Fakulteternes Læseplaner.

## § 12.

Ministeriet ansætter ved Universitetet en Sekretær, som skal varetage Regnskabsførelsen over de Fonds, som Universitetet kommer til at besidde, og fører Tilsyn med Universitetets Bygninger og Inventarium. Han besørger de fornødne Anskaffelser og Istandsættelser og modtager Studenternes Immatrikulations- og Eksamensgebyrer.

### III. Undervisningen og Studenterne.

## § 13.

Universitetets Undervisningsaar inddeles i to Semestre: fra 1. Oktober til 15. Februar og fra 15. Februar til 30. Juni.

## § 14.

Forelæsningerne ere offentlige. Eksaminatorier og Øvelser ere alene for Studenterne.

Samtlige Forelæsninger, Øvelser og Eksaminer holdes saa vidt muligt paa selve Universitetet.

## § 15.

Enhver Universitetslærer er berettiget til at holde Forelæsninger paa Universitetet over selvvalgte Æmner, for saa vidt saadant ikke kolliderer med den obligatoriske Undervisning; om at saadanne Forelæsninger agtes holdte, gives der forinden Rektor Underretning.

## § 16.

Alle lovbefalede Universitetseksaminer, lige saa vel Forberedelses- som fuldstændige Eksaminer, holdes i Semestrets sidste Maaned.

Hvert Fakultet tager Bestemmelse om, hvorvidt Undervisningen ved samme skal fortsættes under Eksamen eller ikke.

## § 17.

Enhver Mand eller Kvinde, som har bestaaet Studentereksamen ved den højere Almenskole eller en anden med den ligestillet lærd Skole og har et uplettet Rygte, er berettiget til at blive immatrikuleret som akademisk Borger imod Erlæggelsen af Immatrikulationsgebyr til Universitetet.

Den samme Ret kan Kollegiet indrømme Udlændinge som fyldestgøre foranførte Betingelser.

Nr. 35. Lov af 30. Juli om Oprettelsen af et Universitet.

Nr. 35. Hver sá, er æskir skrásetningar, skal fyrir byrjun kenslumissiris tilkynna það  
 30. ritara háskólans, og tekur ritari við skrásetningargjaldinu.  
 júlí. Skrásetningargjaldið er 15 krónur.

## 18. gr.

Skrásettur stúdent fær háskólaborgarbrjef hjá rektor.

## 19. gr.

Skrásettur stúdent segi forseta þeirrar deildar, sem hann ætlar að stunda nám í, til sín þegar eftir skrásetninguna, en forseti ritar nafn hans á skrá yfir nemendur þeirrar deildar.

Skifti stúdent um námsgrein ber honum að tilkynna það forseta þeirrar deildar, sem hann áður var í, jafnframt því sem hann lætur skrásetja sig af nýju í deild þeirri, sem hann ætlar sjer eftirleiðis að stunda nám í.

Í byrjun hvers háskólaárs skulu allir stúdentar háskólans rita nafn sitt, bústað sinn og námsgrein í bók, sem geymd er á skrifstofu háskólans.

## 20. gr.

Stúdentar mega ganga undir embættispróf þegar þeim sýnist, hafi þeir áður staðist fyrirskipuð undirbúningspróf, þar á meðal próf í heimspekilegum forspjallsvísindum.

Próf í heimspekilegum forspjallsvísindum er öllum stúdentum heimilt að ganga undir eftir tveggja missira nám við háskólann, en skylt að hafa lokið því að minsta kosti tveim missirum áður en þeir ganga undir embættispróf.

## 21. gr.

Þeir, sem ganga vilja undir embættispróf, skulu hafa tilkynt það ritara háskólans að minsta kosti þrem vikum áður en próf byrjar. Um leið og þeir gefa sig fram skulu þeir gjalda 20 krónur til háskólasjóðs og tekur ritari háskólans við fjenu.

Hætti stúdent við að taka próf eftir að hann hefir látið innrita sig til prófs, á hann heimtingu á að fá prófgjaldið endurgoldið, hafi hann gefið sig fram við ritara áður en prófið byrjar.

En gangi stúdent frá embættisprófi, verður honum ekki endurgoldið prófgjaldið.

## 22. gr.

Stúdentar, sem byrjað hafa á embættisprófi, en gengið frá því, geta ekki gefið sig fram til prófs af nýju fyr en eftir ár, nema sjerstakar ástæður mæli með því.

Stúdent, sem stentz ekki embættispróf, getur ekki fengið að ganga undir próf aftur fyr en að ári liðnu.

Æski stúdent, sem staðist hefir embættispróf, að endurtaka prófið, til þess að öðlast hærri prófseinkunn, er honum það heimilt, en þó ekki fyr en að ári liðnu.

Stúdent greiðir prófgjald svo oft, sem hann segir sig til prófs.

Nr. 35. Lög 30. júlí um stofnun háskóla.

Enhver, som ønsker at blive immatrikuleret, skal inden det første Semesters Nr. 35.  
Begyndelse anmelde dette for Universitetssekretæren, som modtager Immatrikula- 30.  
tionsgebyret. Juli.

Immatrikulationsgebyret er 15 Kr.

#### § 18.

Rektor overrækker de immatrikulerede Studenter deres akademiske Borgerbrev.

#### § 19.

Den immatrikulerede Student melder sig umiddelbart efter Immatrikulationen til Dekanen ved det Fakultet, hvorunder han vil studere, hvorefter Dekanen indfører hans Navn, paa en Fortegnelse over de til vedkommende Fakultet hørende Studenter.

Saaframt en Student gaar over til et andet Studium, skal han anmelde dette for Dekanen ved det Fakultet, som han tidligere hørte under, samtidig med at han lader sig indskrive paa ny i det Fakultet, hvorunder han fremtidig vil drive sine Studier.

I hvert Undervisningsaars Begyndelse skulle samtlige Studenter ved Universitetet skrive deres Navn, Bolig og Studium i en dertil indrettet Protokol, som opbevares i Universitetets Bureau.

#### § 20.

Studerne kunne underkaste sig Embedseksamen, naar de finde for godt, saaframt de have bestaaet de lovbefalede Forberedelseseksaminer, deriblandt den filosofisk-propædevtiske Prøve.

Den filosofisk-propædevtiske Prøve kan enhver Student underkaste sig efter tvende Semestres Studium ved Universitetet, men den skal være absolvert i det mindste to Semestre førend han underkaster sig Embedseksamen.

#### § 21.

De, som ville underkaste sig Embedseksamen, skulle have anmeldt dette for Universitetssekretæren i det mindste 3 Uger inden Eksamens Begyndelse. Samtidig med Anmeldelsen have de at erlægge 20 Kr. til Universitetsfonden, hvilket Beløb opbæres af Universitetssekretæren.

Opgiver en Student at underkaste sig Eksamen efter at have indmeldt sig dertil, har han Krav paa at faa Eksamensgebyret tilbagebetalt, saaframt han har anmeldt sin Tilbagetræden for Sekretæren forinden Eksamens Begyndelse.

Saaframt derimod en Student forlader Embedseksamen, faar han ikke Eksamensgebyret refunderet.

#### § 22.

Studenter, som have forladt en begyndt Embedseksamen, kunne ikke indstille sig paany til Eksamen førend efter et Aars Forløb, med mindre særlige Grunde tale derfor.

En Student, der er faldet igennem til Embedseksamen, kan det ikke tilstedes at underkaste sig Eksamen paany førend efter et Aar.

Ønsker en Student, som har bestaaet Embedseksamen, at underkaste sig Eksamen paany, for at opnaa en højere Eksamenskarakter, er han berettiget hertil, men dog først efter et Aar.

En Student har at erlægge Eksamensgebyr hver Gang, han indskrifer sig til Eksamen.



Nr. 35.  
30.  
júli.

## 23. gr.

Allir skrásettir stúdentar eru skyldir að gæta velsæmis bæði á háskólanum og utan hans.

Verði skrásettur stúdent sekur um einhver afbrot gegn settum reglum háskólans, getur háskólaráð gjört honum hegningu. En hegningin er annaðhvort áminning eða styrkmissir, brottrekstur um lengri eða skemri tíma eða fyrir fult og alt.

## 24. gr.

Nú verður skrásettur stúdent sekur að lagadómi um verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, og er hann þá rækur.

Brottrekstur skal þegar í stað tilkynna stjórnarráðinu.

## 25. gr.

Hver valdsmaður, sem stefnt hefir háskólastúdent fyrir glæp, skal tilkynna það þegar í stað rektor háskólans. Svo er og þegar hafin er rjettarrannsókn gegn stúdent fyrir glæp.

## 26. gr.

Afskiftum háskólans af skrásettum stúdentum er þá fyrst lokið, er stúdent hefir hætt námi að fullu og öllu og tilkynnt ritara háskólans það, eða hefir ekki sótt háskólann í fjögur kenslumissiri samfleytt.

## 27. gr.

Háskólakennararnir standa fyrir öllum prófum, en hver deild ræður fyrirkomulagi prófanna hjá sjer.

Öll próf skulu haldin í heyranda hljóði.

## 28. gr.

Við embættispróf og undirbúningspróf þau, er koma til greina við fullnaðarpróf, skulu jafnan vera tveir prófdómarar og skal annar þeirra ávalt vera utanháskóla- maður.

Stjórnarráðið skipar prófdómara þá, er ekki eru háskólakennarar, eftir tillögu háskóladeildar og skulu þeir gegna dómarastarfinu í 6 ár.

## 29. gr.

Að loknu embættisprófi skal gefa þeim, sem staðist hafa prófið, kandiðatsvottorð gegn 25 króna gjaldi, og rennur það í háskólasjóð.

#### IV. Doktorar.

## 30. gr.

Háskóladeildirnar hafa hver um sig rjett til að veita doktorsnafnbót, og er slík nafnbót veitt annaðhvort í heiðursskyni eða að undangengnu sjerstöku prófi.

Háskólaráð semur reglur um doktorspróf.

Nr. 35. Lög 30. júli um stofnun háskóla.

## § 23.

Nr. 35.  
30.  
Juli.

De Studerende ere pligtige at vise en sømmelig Opførsel baade paa Universitetet og udenfor samme.

Saafernt en Studerende forser sig imod Universitetets Reglementer, kan Universitetskommissionen diktere ham en Straf. Straffen kan enten bestaa i en Paamdelse eller Tab af Stipendium, Relegation for kortere eller længere Tid eller for bestandig.

## § 24.

Bliver en Student ved Dom funden skyldig i en i den offentlige Mening værende Handling, bliver han at relegere.

Om Relegationen skal ufortøvet indberettes til Ministeriet.

## § 25.

Enhver Øvrighedsperson, som har stillet en Student under Tiltale for en Forbrydelse, skal ufortøvet underrette Universitetets Rektor derom, og ligeledes, naar der er retslig indledt Undersøgelse imod en Student for en Forbrydelse.

## § 26.

Universitetets Forhold til immatrikulerede Studenter er først da hævet, naar en Student har helt opgivet Studeringerne og underrettet Universitetssekretæren derom, eller ikke har besøgt Universitetet i fire paa hinanden følgende Semestre.

## § 27.

Universitetslærerne forestaa alle Eksaminer, men hvert Fakultet bestemmer Ordningen af Eksaminerne ved samme.

Samtlige Eksaminer ere offentlige.

## § 28.

Embedseksaminer og de Forberedelseksaminer, som have Betydning for de fuldstændige Eksaminer, skulle stedse overværes af tvende Censorer, af hvilke den ene ikke maa være ansat ved Universitetet.

Ministeriet beskikker de Censorer, som ikke ere Universitetslærere, efter vedkommende Fakultets Indstilling; Censorerne skulle varetage dette Hverv i 6 Aar.

## § 29.

Efter endt Embedseksamen meddeles der dem, som have bestaaet, et Testimonium som Kandidater imod et Gebyr af 25 Kroner, som tilfalder Universitetsfonden.

**IV. Doktorer.**

## § 30.

De enkelte Fakulteter ere berettigede til at meddele Doktorgraden, enten som en Æresbevisning eller efter en forudgaaet særlig Prøve.

Kollegiet fastsætter Regler om Prøver for Doktorer.

Nr. 35. Lov af 30. Juli om Oprettelsen af et Universitet.

Nr. 35.

30.  
júli.

## 31. gr.

Að jafnaði skal sá, er æskir doktorsnafnbótar, hafa lokið embættisprófi. Hann verður að láta umsókn sinni fylgja vísindalega ritgjörð um eitthvert ákveðið efni. Skal umsóknin stíluð til háskólaráðs, en það selur ritgjörðina í hendur hlutaðeigandi háskóla-  
deild til álita og umsagnar.

Nú er ritgjörðin talin fullnægja þeim kröfum, sem gjöra ber til slíkra vísindalegra ritgjörða, og skal þá umsækjandi láta prenta hana og síðan verja hana á háskólanum í heyrenda hljóði á þeim degi, sem deildin ákveður.

Standist umsækjandi prófið, fær rektor og deildarforseti honum prófsvottorð. Fyrir prófsvottorð greiðir doktorinn 100 kr. og renna þær í háskólasjóð.

## 32. gr.

Hver sá, er hlotið hefir doktorsnafnbót, hefir rjett til að halda fyrirlestra í vísindagrein sinni, en tilkynna verður hann það háskólaráði.

Þyki einhver misbeita þessum rjetti sínum, getur háskólaráð svipt hann rjettinum.

## 33. gr.

Háskólinn tekur til starfa, þegar veitt er fje til hans í fjárlögum, og ganga þá jafnframt þau lög og lagaákvæði, sem hjer fara á eftir, úr gildi: konungsúrskurður 21. maí 1847 um stofnun prestaskóla; lög nr. 5, 11. febr. 1876 um stofnun læknaskóla, nema 4. gr.; lög nr. 31, 8. nóvbr. 1883, að undanteknu ákvæðinu um laun landlæknis í 1. gr.; 5. gr. laga nr. 23, 9. decbr. 1889; lög nr. 3, 4. marz 1904 um stofnun lagaskóla og lög nr. 37, 16. nóvbr. 1907, sbr. lög nr. 38 frá sama degi, þó, að áskildu aukaprófi fyrir menn, sem taka próf í lögum við Kaupmannahafnarháskóla eftir 1. október 1911. Loks falla þá úr gildi öll önnur ákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalínborg, 30. júli 1909.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Frederik R.***

(L. S.)

***Björn Jónsson.***

## § 31.

Nr. 35.  
30.  
Juli.

Som Regel skal enhver, som ønsker at opnaa Doktorgraden, have bestaaet en Embedseksamen. Sin Ansøgning herom maa han bilægge med en videnskabelig Afhandling om et bestemt Æmne. Ansøgningen skal være rettet til det akademiske Kollegium, som afgiver den til vedkommende Fakultet til Betænkning og Erklæring.

Saafernt Afhandlingen findes at fyldestgøre de Fordringer, som bør stilles til saadanne videnskabelige Afhandlinger, lader Ansøgeren den trykke, og forsvarer den derefter offentlig paa Universitetet den Dag, som Fakultetet dertil bestemmer.

Saafernt Ansøgeren bestaar Prøven, give Rektor og Dekanus ham et Diplom som Doktor.

For Diplomet erlægger Doktoren 100 Kr., som tilfalde Universitetsfonden.

## § 32.

Den, som har opnaaet Doktorgraden, er berettiget til at holde Forelæsninger i sin Videnskab efter derom at have underrettet Kollegiet.

Findes nogen at misbruge denne Ret, kan Kollegiet fratage ham den.

## § 33.

Universitetet begynder sin Virksomhed, naar der paa Finansloven bevilges Midler dertil, og samtidig ophæves efterfølgende Love og Lovbestemmelser:

Kgl. Resolution af 21. Maj 1847 angaaende Præsteskolens Oprettelse; Lov Nr. 5 af 11. Februar 1876, om Oprettelse af en Lægeskole i Reykjavik, med Undtagelse af § 4; Lov Nr. 31 af 8. Nov. 1883, med Undtagelse af Bestemmelsen i § 1 om Landfysikus, Lønning; § 5 i Lov Nr. 23 af 9. Dec. 1889; Lov Nr. 3 af 4. Marts 1904, om Oprettelsen af en Lovskole, og Lov Nr. 37 af 16. Nov. 1907, jfr. Lov Nr. 38 af s. D., dog med Forbehold af en Ekstraprøve for Kandidater, der have absolveret juridisk Embedseksamen ved Københavns Universitet efter 1. Oktober 1911. Endvidere ophæves alle saadanne Bestemmelser, som maatte findes at være stridende mod denne Lov.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 30. Juli 1909.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

**Frederik R.**

(L. S.)

**Björn Jonsson.**

Islands Ministerium, den 30. Juli 1909.

**Björn Jonsson.**

**Jon Krabbe,**  
kst.